

Samantekt fyrir áframhaldandi vinnu við alþjóðlegan dag kennara.

Kennaradagurinn 5. október 2016

Beta- og Mýdeild vildu skoða þann möguleika að deildirnar hefðu einhver samfélagsleg áhrif um fræðslumál. Þá kom upp þessi hugmynd sem var framkvæmd.

Undirbúningur

Ákveðið var að prófa að halda upp á alþjóðadag kennara 5. október. Undirbúningur hófst í apríl 2015 þegar skipuð var fjögurra manna nefnd úr báðum deildum, síðar var einni félagskonu bætt við því það vantaði frá leikskóla. Nefndin hittist alls fimm sinnum formlega til að undirbúa efnið, eftir það og á milli funda var póstum kastað á milli. Strax á fyrsta fundi kom hugmynd að efni kennaradagsins þ.e. „Nýi kennarinn í starfi“. Þetta hafði verið áhersla alþjóðasamtakanna í einhvern tíma. Strax var líka ákveðið að þetta yrði samræðuþing. Þetta var tilraun og ákveðið að meta hvort gera eigi þetta aftur.

Punktur í undirbúningi voru:

- þetta yrði samræðuþing en ekki málþing eða ráðstefna
- gefa fólki tækifæri fyrir og eftir þingið til að spjalla og fá sér veitingar
- haft var samband við KÍ um verkefnið og þaðan fengum við góðan stuðning í formi þess að þeir settu auglýsingu og klausu um þingið á heimasíðuna
- fá fyrirlesara með fræðilegt innlegg og nýja kennara til samræðu, einn af leikskóla- og einn af grunnskólastigi, einn fyrirlesari frá framhaldsskólastiginu var með innlegg og það var látið duga fyrir það stig
- áætlað var að 50 manns mættu að hámarki
- hafa svolitlar veitingar sem félagskonur kæmu með
- engin skráning og ekkert gjald
- stutt þing, í mesta lagi alls 1½ klukkustund kl. 15:30 – 17.
- sækja um einhverja styrki
- senda pósta á skólastjórnendur á svæðinu og biðja þá að hengja upp auglýsingu sem send yrði í viðhengi og auglýsa vel meðal sinna kennara. Þeir voru líka beðnir að veita kennurum svigrúm til að sækja þingið því það hefst fyrir kl. 16
- Láta fræðslustjóra Akureyrar vita og biðja hana að ræða þetta við stjórnendur á fundi
- fá N4 til að kynna eða segja frá þinginu
- félagskonur hjálpist að við að auglýsa þingið
- húsnæði fengið í Símei þar sem voru tvær samliggjandi kennslustofur, sanngjarnt verð. Kaffi innifalið í leigunni – mjög dýrt að fá sal annars staðar
- sótt um styrk til landssambandsstjórnar - fengum 50.000 kr. styrk – geymt hjá Betadeild en gera þarf sérstakan reikning fyrir þennan þátt
- dóttir Bjargar Eiríksdóttur úr Mýdeild, Eva Árnadóttir, vann auglýsingu fyrir þingið
- nefndin útbjó spurningar fyrir nýju kennarana sem þeir gátu stuðst við
- tvær úr Mýdeild voru með tónlist áður en þingið hófst
- fundarstjóri var úr Betadeild – Anna Þóra
- benda kennaranemum á að mæta á þingið

Eftir þingið kom undirbúningshópurinn saman og ræddi hvernig til hefði tekist.

Punktur eftir samræðuþingið:

- betri mæting var á þingið en við áttum von á, um 70 manns komu
- KÍ sendi manneskju á staðinn til að skrifa grein í Skólavörðuna
- ákveðið að leggja til að halda samræðuþing að ári
- talað um að hafa það næst kl. 16 – 17.30
- veita meira svigrúm til spjalls í byrjun og lok þings og að fólk geti fengið sér veitingar
- halda sig við að þetta sé samræðuþing og leggja meiri áherslu á samræðuna. Hugmyndina þarf að þróa þannig að samræða verði. Það er undir þeim komið sem eru með innlegg að fá fram samræðu og halda henni
- vera í samráði við KÍ, fá upplýsingar um hvaða efni verður hjá þeim á kennaradegi
- fá einhverjar deildarkonur til að skrifa stuttan pistil í blöðin og á samfélagsmiðla
- fá N4 til að kynna eða segja frá þinginu (tókst ekki síðast)
- fræðslustjóri Akureyrar var mjög dugleg að hvetja stjórnendur til að benda kennurum á þingið og sýndi þessu mikinn áhuga
- hvorki hafa skráningu né gjald
- skipuleggja veitingarnar betur, of einhæfar síðast
- skipa nýja nefnd ekki seinna en í febrúar af öllum skólastigum og öllum starfssviðum skóla eftir því sem konur af þeim sviðum eru í deildunum – byrja að undirbúa þá – 3 úr hvorri deild alls 6 konur eða eftir því sem talin er þörf í hvert skipti
- þarf tónlist og þá hvernig?
- getum við virkjað fleiri félagskonur í verkefnið? Hægt t.d. með því að skipa árlega nýjar konur í nefnd, ein gæti verið í tvö ár.
- muna að gefa fyrirlesurum eða þeim sem eru með innlegg rós á eftir

Anna Guðmundsdóttir, Mýdeild

Birna Svanbjörnsdóttir, Mýdeild.

Hugrún Sigmundsdóttir, Betadeild.

Selma Hauksdóttir, Betadeild.

Þorgerður Sigurðardóttir, Betadeild.